Byggðastofnun
Þróunarsvið

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 128/1287*
*komudagur 24. 2. 2003*

Dagsetning
*20.02. 2003*

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 52, tillögu til þingsályktunar um atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulifs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun fagnar öllum tillögum sem miða að því að fjölga arðbærum störfum í rannsóknum á landsbyggðinni. Þróunar- og rannsóknarvinna er mikilvæg á næstu árum til að árangur í áframeldi á þorski verði sem mestur hér við land og ætla má að nábýli við þekkingu á veiðum og vinnslu, sem víða er að finna á landsbyggðinni, styrki slíka starfsemi verulega.

Virðingarfyllst

Áskell Heiðar Ásgeirsson
*Ráðgjafi á þróunarsviði Byggðastofnunar*